

# Bókasafn Verkmenntaskólans á Akureyri

## Yfirlit um starfsemi safnsins. Fylgir ársskýrslu 2019



*Ein af bókasafnsins ljúfu stundum*



# **Bókasafn Verkmenntaskólans á Akureyri**

## **Yfirlit um starfsemi skólaársins 2018-2019**

### **Fylgir ársskýrslu 2019**

Yfirlitið er ítarlegra nú en áður því tækifærið var notað, í tilefni af því að 28 ár eru liðin frá því að fyrsta fréttabréfið kom út. Ýmislegt úr síðustu „fréttabréfum“ verður rifjað upp og skoðað hvernig mál hafa þróast.

#### **Starfstími:**

Starfstími safnsins hefst um miðjan ágúst á haustin og endar viku eftir skólalok á vorin. Starfsdagur er frá 8.00 til 18.00 á virkum dögum, 8.00 til 15.00 á föstudögum.

Fastir starfsmenn eru tveir, í einni og 75% stöðu. Auk þess unnu nemendur 8 klst á viku.

Starfsfólk safnsins í vetur:

Ragna Ragnarsdóttir nemandi,

Sigríður Björk Hafstað nemandi,

Særún Elma Káradóttir nemandi,

Þórdís Elín Bjarkadóttir nemandi,

Hildur Friðriksdóttir framhaldsskólakennari

Sigríður Sigurðardóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur

Bókasafnið hefur nú í nokkur ár gefið út Fréttabréf bókasafnsins sem fylgirit með ársskýrslu bókasafnsins. Ársskýrslan er varðveitt í hillu á skrifstofu skólameistara. Fréttabréfið er auk þess á vefsíðu bókasafnsins.

#### **Hlutverk safnsins:**

Hlutverk bókasafnsins er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og annað starfsfólk skólans og hlutverk starfsfólks að stórum hluta að kynna og kenna upplýsingalæsi. Bókasafnið lagar sig að kennsluaðferðum og þörfum kennara og nemenda í VMA. Safnið er vinnustaður og athvarf þar sem nemendur geta átt stund fyrir sig.

## **Skráning og tenging safnkosts við samskrána.**

Tenging eintaka hélt áfram á skólaárinu. Mikið af bókum og tímaritum var tengt við Gegni. Ný tímarit sem eiga að vera til útláns voru einnig tengd. Tenging bóka felst í því að farið er yfir hvern flokk fyrir sig og tengt það sem er ótengt. Þegar skólaárinu lauk var byrjað að fara yfir landafræðiflokkinn og því æviþættir og -sögur eftir og sagnfræðin. Auk þess listasagan sem er í frístandi hillum í miðrymi safnsins.

Búið var að tengja allar kennslubækur sem staðsettar eru inni á skrifstofu starfsmanna. Hve mikið er búið að tengja er mikil hagræðing fyrir bæði lánþega og starfsfólk því s.l. haust var alfarið farið að lána allan safnkost út rafrænt í útlánaþætti Gegnis. Nýtt efni, sem ekki er búið að skrá í Gegni áður og finnst því ekki í öðrum söfnum, er reynt að skrá þegar tími vinnst til.

Smátt og smátt er verið að flytja allt úr MikroMarc í Gegni svo að ekki var lánað út úr MM-kerfinu í vetur.

Næsta vetur er stefnt að því að taka í gagnið nýtt bókasafnskerfi sem tekur við af Gegni. Landskerfi bókasafna valdi tilboð Innovative í nýtt bókasafnskerfi, Sierra kerfið.

Nýja kerfið mun auðvelda umsýslu hjá söfnunum, koma til móts við ólíkar þarfir þeirra og tryggja enn betur öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Ekki síst mun það bæta aðgengi lánþeganna að öllum gögnum.

Lánþegar ættu ekki að þurfa að finna fyrir þessum breytingum.

## **Útlán:**

Þó að með fækkun kennslubóka á bókalistum nemenda, minnki innanhússlánin þá hafa útlán heldur aukist.

Í vetur voru útlán 3.304. Það er fyrir utan verkefna- og ritgerðabækur, sem eru geymdar á bókavögnum og í verkefnahillum.

Á bókasafninu eru níu bókavagnar sem eru stöðugt í notkun á safninu og í kennslustofum. Á þeim er efni s.s. bækur og tímarit sem verið er að vinna með hverju sinni. Þetta efni er ekki lánað út og því ekki skráð í tölvuútlán. Fyrir utan bókavagna eru ávallt sérstakar verkefnahillur fullar af heimildum, sem ekki eru lánuð út

og teljast þá ekki með í tölulegum upplýsingum um útlán. Inni í útlánatölunni eru 746 útlán Chromebook tölva, talgervla og lausa drifsins.

Þegar búið er að draga útlán á tækjum frá, eru bóka- og tímaritaútlánin 278 eintökum fleiri á þessu ári en því síðasta.

### **Aðstaða og safnkostur:**

Stærð safnsins er 325 m<sup>2</sup>, auk 65 m<sup>2</sup> tölvustofu, fjöldi sæta fyrir notendur er 73 + 41 (2 tölvustofur).

Bækur og tímarit eru 9.978, en þetta er eingöngu það sem búið er að tengja við Gegni. Í eldri ársskýrslum er samanlögð tala úr Micromark og Gegni, tengt og ótengt. Mikið magn bóka sem á eftir að tengja, er einnig á deildum, og mikið magn tímarita er ótengt. Tenging þessa efnis hefur ekki verið sett í forgang því hvorki gömul tímarit né efni sem kennarar og nemendur eru að nota á deildunum er lánað út. Í mörgum tilvikum eru tvítök þessa safnkosts til á safninu svo að titlaeign safnsins kemur fram í leitum í bókaskránni, auk þess sem allar bækurnar eru skráðar í Micromark. Tvær stórar bókaagjafir eru ótengdar. Önnur þeirra barst nú í annarlok 2019.

Safnið er mikið notað og samvinna nemenda eykst stöðugt. Því hefur verið lögð áhersla á að bæta aðstöðu fyrir þá sem eru að vinna tvö eða fleiri saman. Sumarið 2018 var fjárfest í tveimur frístandandi hillueiningum, þeim komið fyrir í miðrýminu og þar með urðu til þrjú afmörkuð rými. Þó að þetta sé ekki hljóðeinangrað þá er þetta aðhald. Í tveimur rýmanna var komið fyrir hópaborðum og lesborðum fyrir einstaklinga í því þriðja. Einnig er hópaborð nálægt afgreiðslunni og nemendatölvunum þremur. Öll þessi hópaborð nýtast vel.

Lesstofan nýtist vel fyrir þá sem leita í ró og næði. Tölvustofurnar eru mikið notaðar og er mikil hægræðing í að hafa þær tengdar safninu, þar sem nemendur fara mikið með gögn af safninu í tölvustofurnar.

Það reyndist góð fjárfesting þegar ákveðið var að bæta við sætum fyrir nemendur í formi þriggja grjónapúða. Það er stundum kapphlaup inn á safni til að ná púðunum. Einnig koma væðarvoðirnar sér vel til að hlýja sér á köldum vetrardögum.



*Menn kunna að notfæra sér þá aðstöðu sem í boði er*

Í vetur hefur bókasafnið áfram unnið við að koma efni af diskum og jafnvel myndböndum yfir á stafrænt form. Um er að ræða efni sem kennarar vilja halda í og finnst ekki á netinu.

Efnið endar síðan á myndbandaþjóni skólans, með aðstoð verkefnastjóra gagnasmíðju, þar sem það er aðgengilegt kennurum og nemendum.

Tímarit í áskrift eru 26, að auki berast tímarit endurgjaldslaust. Tímaritin eru flest keypt að ósk kennara. Þau eru aðgengileg á bókasafninu um tíma áður en þau fara á deildirnar.

Árbækur fylgja oft félagsaðild og bókasafninu berast 8 slík rit. Fréttablöð í áskrift eru Bændablaðið, Fréttablaðið, Stundin og Vikudagur. Öll þessi blöð eru mikið lesin.

Gagnagrunnar í áskrift eru Landsaðgangur að rafrænum áskriftum eða hvar.is, Snara og tilheyrandi áskrift að tímaritum er aðgangur að efni í Elektor, New Scientist, Newsweek og National Geographic. Einnig er safnið með áskrift að greinasafni Morgunblaðsins og því fylgir eitt prentað eintak af blaðinu og rafrænn aðgangur.

Á bókasafninu var öllu raðað áður fyrir í töluröð samkvæmt Deweykerfinu. Fyrir nokkrum árum var farið að raða og staðsetja safnkost eftir því hvernig notendur nálgust og nýttu hann. Dæmi um þessa hagræðingu er röðun íslenskra og erlendra skáldsagna, ævisagna og efni tengt listasögu. Þetta kallar á áberandi og vel gerðar hillumerkingar. Einhverju sinni voru þær hugmyndir færðar í tal við Hallgrím Ingólfsson kennara á listnámsbraut hvort hægt væri að fela nemendum að hanna og jafnvel gera merkingar á bókasafnið. Hann taldi það vera og leist vel á. Mikið væri skemmtilegt ef af þessu gæti orðið og nemendur vildu taka þetta að sér. Sjáum til hvernig þau mál þróast.

### **Safnkennsla:**

Allir nýnemar fá kynningu á safninu og kennslu í notkun samskrár og gagnagrunna á fyrstu vikum þeirra í skólanum. Þeir koma í lífsleiknitímum og hver hópur er í 90 mínútur. Nemendur leysa verkefni bæði í tölvu og með því að fletta upp í bókum. Í lok tímans skila þeir verkefnunum til starfsfólks.

Það er líka afar skemmtilegt að fara í tíma og kenna upplýsingalæsi hópum sem eru að hefja ritgerðavinnu. Það hafa t.d. verið nemendur í íslenskuáföngum, sjúkraliðar og lokaverkefnishópar. Einnig hafa nemendahópar komið á safnið til að fá kennslu og það gera t.d. byggingadeildarnemendur reglulega.

Þetta finnst starfsfólki bókasafnsins sérstaklega ánægjulegt og eftirsóknarvert.

Hvað er upplýsingalæsi? Að vita hvenær er þörf á upplýsingum, kunna að leita að þeim, finna þær og meta áreiðanleika þeirra og að nota þær á ábyrgan hátt.

### **Vefsíða safnsins:**

Það sem einkum er notað á henni og nemendum er bent á eru tenglar í gagnagrunna, einnig sérvaldir tenglar fyrir námsgreinar. Það er gott að safna fagtenglunum á einn stað og geta gripið til þeirra í leitum:

<https://www.vma.is/is/thjonusta/bokasafn/tenglasafn-fyrir-namsgreinar>

## Grisjun:

Á bókasafni eins og því í VMA hefur stöðugt verið grisjað. Eðlilega er nokkuð snúið að grisja á safni í skóla sem kennir nánast allt. Í upphafi dags er útilokað að segja til um það eftir hverju verður spurt.

Síðustu annir hefur markvisst verið grisjað úr flokkunum. Allar bækur vegnar og metnar og ákvörðun tekin um hvort halda skuli upp á hana eða ekki. Í þessu ferli fundust ótengdu bækurnar og voru tengdar við Gegni í leiðinni. Þetta var mikið verk og til mikillar hagræðingar fyrir starfið á safninu.

Aukaeintök tímarita og bóka, sem mikið eru notuð eru tekin og geymd í kassa í kjallaraageymslu.

Það sem er í kjallaraageymslu er allt nákvæmlega skráð frá upphafi og auðvelt að finna aftur. Það er töluvert notað.

Þau viðmið sem ávalt hefur verið farið eftir við Grisjun eru nokkur. Til að gefa einhverja mynd af því sem haft er í huga eru t.d. eftirfarandi atriði:

Varðandi fréttá-, heilsu- og lífsstílstímarit hefur verið haldið upp á efni frá árum sem enda á 0 og 5. Annað fær að fara. Hugmyndin er að hægt sé að skyggjast í tímaritin og „anda að sér“ tíðaranda hvers tíma.

Fagbókum, sem geyma heimildir um gamalt handverk eða varðveita upplýsingar um aðferðir og áhöld, er ekki hent. Þetta er efni sem nauðsynlegt er að hafa aðgang að þó tímarnir breytist og iðnbyltingar umbylti öllum aðferðum og vinnuumhverfi.

Efni um grunninn eða undirstöðuna, það sem við byggjum alla okkar þekkingu á í dag þarf að vera til. Því ekki hér í VMA þar sem unga fólkið nær sér í viganesti út í lífið?

Varðandi fagbækurnar þá er þeim ekki hent án þess að gildi þeirra sé borið undir fagfólk skólans. Reynsla og þekking starfsfólks bókasafnsins hefur að sjálfsögðu einnig vægi.

Reynt er að gera sér grein fyrir því hvort efnið verði notað í framtíðinni, þó að það sé ekki verið að nota það í dag.



Haldið hefur verið upp á efni um eða úr heimabyggð.  
Ef efnið nýtist ekki á bókasafni VMA þá gæti það nýst öðrum söfnum eða á öðrum vettvangi og lögð er vinna í að kanna það.

### **Hleðsluvagn:**

Í haust var kominn hleðsluvagn á svæðið. Hann auðveldaði alla umgengni um tölvurnar. Þar voru Chromebooktölvur og talgervlar stöðugt í hleðslu. Tölvurnar voru mikið notaðar í vetur.

### **Ritver:**

Í vetur hefur staðið yfir undirbúningur að ritveri fyrir nemendur. Íslenskukennarar áttu hugmyndina, hafa leitt þá vinnu og var sótt um styrk til að koma þessari þörfu og góðu hugmynd í framkvæmd. Starfsfólk bókasafnið tekur þátt í undirbúningi og kennarar úr öllum deildum skólans hafa sýnt þessu verkefni áhuga. Ritverið er hugsað sem aðstoð við nemendur, við vinnu verkefna, skýrslna og ritgerða. Í því felst aðstoð við uppsetningu, vinnu við t.d. tilvitnanir og tilvísanir og frágang, gerð heimildaskráa og ritvinnslu. Þær gleðifréttir bárust í vor að styrkur hefði fengist úr Sprotasjóði, 900.000 og verður spennandi að fylgja þessu verkefni eftir í vetur.

### **Taflborð:**

Í vetur var sett upp taflborð á bókasafninu og mæltist það vel fyrir. Nokkur ár eru síðan það var síðast aðgengilegt.

## Miðja skólans:

Í tilefni alþjóðlega  $\pi$  (pí) dagsins 14. mars, buðu stærðfræðikennarar nemendum upp á skemmtilega þraut, sem snérist um að finna miðju skólans. En kennararnir voru þegar búnir að reikna nákvæmlega út hvar hún var.

Nemendur lögðust í mikla útreikninga og dregið var úr réttum lausnum. Nemandi af náttúruvísindabraut, Natan Dýri Hjartarson, reyndist verðlaunahafinn, sem fann nákvæmlega út að miðja skólans væri á bókasafni skólans.

Fallega pí merkið var síðan hengt nákvæmlega á miðjupunktinn.



## Markaður:

Í þemaviku á vorönn, sem nú lagði áherslu á umhverfismál, var settur upp nytjamarkaður á bókasafninu. Starfsfólki og nemendum skólans var boðið að koma með föt og hluti á markaðinn. Allt var selt á sanngjörnu verði og andvirði látið renna til Ungfrú Ragnheiðar, sem er verkefni á vegum Rauða krossins og starfrækt á Akureyri. Ungfrú Ragnheiður er skaðaminnkunarverkefni, sem felst m.a. í aðstoð við vímuefnaneytendur.

Alls seldist fyrir á sjötta tug þúsunda og var góð tilfinning að geta afhent Ungfrú Ragnheiði þessa upphæð.



## **Hugleiðingar um framtíðina á bókasafni VMA:**

Stytting framhaldsskólans, ný námskrá, nýir og breyttir áfangar og nýjar kennsluaðferðir kalla á breytingar á bókasafninu.

Eins og áður hefur komið fram er það metnaðarmál starfsfólksins, hvort sem um er að ræða bóknám eða verknám að mennta nemendur þannig að þeir séu vel upplýsingalæsir þegar þeir útskrifast úr skólanum.

Starf bókasafnsins lagar sig að kennsluaðferðum og þörfum kennara og nemenda. Verkefni starfsfólksins breytist í takt við kennsluaðferðir og skólaþróun. Húsnæðið og aðstaða nemenda á safninu hlýtur líka að taka breytingum.

Öll tækjavæðing kallar á fjölbreyttari nýtingu húsnæðis.

Hópastarf virðist enn vera að aukast og fyrirsjáanlegt áframhald á því. Hvernig er best að bregðast við því? Lesstofan er vel nýtt eins og hún er, aflokuð og þangað leitar fólk sem vill fá að vera í næði. Tölvustofurnar B02 og litla tölvustofan eru stöðugt í notkun og með óbreyttri þörf kennara á að komast í tölvustofur þá verður þeirra þörf áfram. Reglulega er talað um að það væri nú gott að hafa hópvinnuherbergi. Jafnvel sem hægt væri að panta, eins og tölvustofurnar.

Hvar verður Ritverinu komið fyrir? Það er áhugavert viðfangsefni. Í fyrri fréttabréfum voru hugmyndir arkitekta um framtíðarstækkun kynntar. Það eru spennandi möguleikar.

Eitt er víst og hefur verið sagt oft áður : Bókasafnið mun aldrei þrífast nema til komi gott samstarf okkar allra.

**Tenglar á síður safnsins eru:**

**<https://www.vma.is/is/thjonusta/bokasafn>  
og <https://www.facebook.com/vmabokasafn/>**

Myndirnar eru teknar af Hildi og Sirrý veturinn 2018-‘19



Gular og sumarlegar forsíður





**Bókasafn VMA  
2019**